Innbyggðar afleiður þeirra orkusölusamninga sem færðir eru í árshlutareikninginn eru færðar til eignar í efnahagsreikningi á gangvirði á reikningsskiladegi og gangvirðisbreyting á árinu er færð í rekstrarreikning meðal tekna og gjalda af fjáreignum og fjárskuldum.

Á sama hátt er reiknað gangvirði innbyggðra afleiða vegna raforkusölusamninga sem ekki eru komnir til framkvæmda og óvissa ríkir um. Gangvirði þeirra er samtals 5.206 milljónir kr. 31. mars 2009 (31.12. 2008: 8.257 milljónir kr.) og er það ekki fært í árshlutareikninginn.

Gangvirði innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum greinist þannig:

	31.3. 2009	31.12. 2008
Gangvirði innbyggðra afleiða 1.1	9.091.449	8.154.304
Breyting á gangvirði á tímabilinu	(4.403.786)	937.145
Gangvirði innbyggðra afleiða í lok tímabilsins	<u>4.687.663</u>	<u>9.091.449</u>

Skipting innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum er eftirfarandi:

Langtímahluti innbyggðra afleiða	5.458.998	9.412.328
Skammttímahluti innbyggðra afleiða	(771.335)	(320.879)
Innbyggðar afleiður samtals	<u>4.687.663</u>	<u>9.091.449</u>

Skýringar

11. Tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:

1.1.-31.3. 2009	Skatteign	Skattskuld	Nettó
Tekjuskattseign/-skuld í ársbyrjun	4.169.441	0	4.169.441
Reiknaður tekjuskattur tímabilsins	128.945	0	128.945
Aðrar breytingar	1.189	0	1.189
Tekjuskattseign í lok tímabils	4.299.575	0	4.299.575
1.1.-31.12. 2008			
Tekjuskattseign/-skuld í ársbyrjun	190.443	4.716.084	(4.525.641)
Breyting á tekjuskattsprósentu	0	(537.295)	537.295
Áhrif af sérstöku endurmati fastafjármuna	(6.895.739)	0	(6.895.739)
Reiknaður tekjuskattur ársins	10.874.518	(4.189.747)	15.064.266
Tekjuskattur til greiðslu	218	0	218
Aðrar breytingar	0	10.958	(10.958)
Tekjuskattseign/-skuld í árslok	4.169.441	0	4.169.441

Tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

	31.3. 2009		31.12. 2008	
	Skatteign	Skattskuld	Skatteign	Skattskuld
Varanlegir rekstrarfjármunir	(11.029.588)	0	(11.085.420)	0
Innbyggðar afleiður	(1.101.601)	0	(2.136.491)	0
Aðrir liðir	171.338	0	171.992	0
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi	16.259.427	0	17.219.360	0
Tekjuskattseign/-skuld í lok tímabils	4.299.575	0	4.169.441	0

12. Eigið fé

Það er stefna fyrirtækisins að eiginfjárstaða þess sé nægilega sterk til að styðja við stöðugleika og framtíðarþróun starfseminnar. Arðgreiðslur hafa verið ákveðnar sem ákveðið hlutfall eigin fjár óháð afkomu viðkomandi árs. Eigendafundur tekur ákvörðun um arðgreiðslur.

Eiginfjárhlutfall samstæðunnar í lok tímabilsins er 19,0% (31.12.2008: 18,6%). Ávöxtun eigin var 15,9% á tímabilinu 1.1. til 31.3 2009 (1.1. til 31.12. 2008: neikvæð um um 69,4%).

Skýringar

13. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir samstæðunnar eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði og greinast með eftirfarandi hætti. Frekari upplýsingar um vaxtaáhættu og gjaldmiðlagengisáhættu eru veittar í skýringu 14.

Langtímaskuldir	31.3. 2009	31.12. 2008
Skuldir við lánastofnanir	177.743.153	178.925.311
Lánalínur	14.722.199	15.059.998
Skuldabréfaútgáfa	7.709.251	7.553.061
	200.174.603	201.538.370
Afborganir langtímaskulda næstu 12 mánuði	(5.847.663)	(5.439.610)
	194.326.940	196.098.760
Skammtímaskuldir		
Næsta árs afborganir langtímaskulda	5.847.663	5.439.610
Skammtímalán	7.820.000	4.242.000
	13.667.663	9.681.610
Vaxtaberandi skuldir samtals	207.994.603	205.780.370

Skilmálar vaxtaberandi skulda

Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:

	Lokagjalddagi	31.3. 2009		31.12. 2008	
		Meðalvextir	Eftirstöðvar	Meðalvextir	Eftirstöðvar
Skuldir í CHF	26.6.2036	1,64%	37.193.539	2,31%	39.214.737
Skuldir í EUR	26.6.2036	2,95%	73.649.153	4,77%	76.654.728
Skuldir í USD	10.3.2028	2,13%	34.146.394	2,66%	31.994.843
Skuldir í JPY	26.6.2036	0,98%	21.744.529	1,10%	23.635.999
Skuldir í GBP	26.6.2036	2,84%	7.269.166	3,67%	3.282.738
Skuldir í SEK	5.10.2027	2,45%	12.151.117	4,26%	12.676.195
Skuldir í CAD	13.12.2011	1,44%	6.097.560	2,61%	6.317.637
			192.251.458		193.776.877
Skuldir í íslenskum krónum:					
Verðtryggðar	10.1.2037	5,17%	7.923.145	5,17%	7.761.493
Óverðtryggðar	17.3.2010	18,82%	7.820.000	21,09%	4.242.000
			15.743.145		12.003.493
Vaxtaberandi skuldir samtals			207.994.603		205.780.370

Skýringar

13. Vaxtaberandi skuldir frh.

Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:	31.3. 2009	31.12. 2008
1.4. 2009 til 31.3 2010 / 1.1. til 31.12 2009.....	5.847.663	5.439.610
1.4. 2010 til 31.3 2011 / 1.1. til 31.12 2010.....	4.935.796	5.060.784
1.4. 2011 til 31.3 2012 / 1.1. til 31.12 2011.....	26.910.858	24.159.150
1.4. 2012 til 31.3 2013 / 1.1. til 31.12 2012.....	7.692.649	9.927.624
1.4. 2013 til 31.3 2014 / 1.1. til 31.12 2013.....	29.767.137	28.769.781
Síðar	125.020.500	128.181.421
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborgun	200.174.603	201.538.370

Ábyrgðir og veðsetningar

Eigendur móðurfyrirtækisins eru í hlutfallslegri ábyrgð fyrir öllum skuldum og skuldbindingum móðurfyrirtækis og HAB. Samstæðan hefur ekki veðsett eignir sínar til tryggingar á skuldum.

14. Áhættustýring og fjármálagerningar

a. Yfirlit

Orkuveita Reykjavíkur hefur samþykkt stefnu um markmið og framkvæmd áhættustjórnunar. Meginmarkmið áhættustýringar samkvæmt stefnunni er að stuðla að stöðugri afkomu og lágmarka fjármagnskostnað með því að lágmarka sveiflur í gengi og álverði og stuðla að lágu vaxtastigi.

Gengisáhætta samstæðunnar er tengd áhættu í sjóðstreymi og áhættu í efnahagsreikningi. Vaxtaáhætta tengist þróun breytilegra vaxta og fastra vaxta og getur hvort heldur tengst sjóðstreymi eða efnahagsreikningi. Áhætta vegna þróunar álverðs er af völdum tengingar orkuverðs til stóriðju við álverð og tengist sjóðstreymi af orkusölu til stóriðju.

Fylgst er með gengisáhættu samstæðunnar bæði í sjóðstreymi og efnahagsreikningi með viðurkenndum reikniaðferðum. Árlegt staðalfrávik og dagleg fjárhæð í húfi (e. value at risk) fyrir skuldir og áætlað sjóðstreymi í erlendum myntum er mælt. Með sama hætti er fylgst með áhættu í sjóðstreymi af völdum verðbreytinga áls og vaxta.

Í stefnunni er áhætta skilgreind og árangursmælikvarðar settir. Stjórn fyrirtækisins fær reglulega yfirlit um stöðu og árangur áhættustýringar samstæðunnar.

Ákvörðunartaka og eftirlit með framkvæmd áhættustýringarinnar er hjá áhættunefnd. Í áhættunefnd sitja forstjóri, framkvæmdastjóri Fjármála, sviðsstjóri Fjár- og áhættustýringasviðs og sviðsstjóri Fjármálasviðs. Fjárhagsleg áhætta greinist í:

- Markaðsáhættu
- Lausafjáraáhættu
- Lánsáhættu

Skýringar

14. Áhættustýring og fjármálagerningar, frh.

b. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsverði erlendra gjaldmiðla, álverðs og vaxta hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði fjármálagerninga. Þetta er sú áhætta sem vegur langþingst hjá samstæðunni og greinist í:

- Gjaldeyrissáhættu vegna skulda í efnahagsreikningi og sjóðstreymis í erlendri mynt.
- Vaxtaáhættu vegna lána
- Áhættu vegna breytinga á heimsmarkaðsverði á áli.

i) Gjaldeyrissáhætta

Samstæðan býr við gengisáhættu vegna sölusamninga, innkaupa og langtímalána í öðrum gjaldmiðlum en íslenskum krónum (ISK). Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhættu eru evra (EUR), svissneskir frankar (CHF), japanskt jen (JPY) og sænskar krónur (SEK).

Af langtímalánum samstæðunnar eru um 92,4% í erlendum gjaldmiðlum og mynda því gengisáhættu. Þessi gengisáhætta er varin í samræmi við stefnu fyrirtækisins um áhættustýringu þar sem veginn er saman vaxtakostnaður lánanna og gengisáhætta. Vaxtastig lána í erlendum gjaldmiðlum var umtalsvert lægra en lána í íslenskrí krónu. Samstæðan hefur gert langtíma sölusamninga á raforku í erlendum gjaldmiðli (USD). Væntar tekjur vegna þessara samninga á uppgjörssdegi er um 165.388 milljónir kr. Sú fjárhæð er byggð á framvirku verði á áli á LME (London Metal Exchange) á uppgjörssdegi og væntinga um verðþróun á áli til næstu 30 ára samkvæmt mati CRU, óháðum matsaðila, eins og það liggur fyrir á uppgjörssdegi.

Gengi helstu gjaldmiðla var eftirfarandi á tímabilinu:

	1.1.-31.3. 2009	2008	31.3. 2009	31.12. 2008
	Meðalgengi		Uppgjörsgengi	
CHF	102,348	80,698	108,195	113,905
EUR	153,246	127,457	163,515	169,470
USD	117,438	88,088	123,325	121,245
JPY	1,258	0,863	1,2439	1,340
GBP	168,494	159,361	176,38	176,745
SEK	14,033	13,195	14,88	15,523
CAD	94,425	81,585	97,85	98,750
Þröng viðskiptavog SÍ (áður GVT)	199,486	166,444	211,12	216,300

Skýringar

14. Áhættustýring og fjármálagerningar frh.:

b. Markaðsáhætta, frh.

i) Gjaldeyrisáhætta, frh.

Mögulegt tap vegna gjaldeyrisáhattu

Gjaldeyrisáhætta samstæðunnar miðað við nafnverðsfjárhæðir er eftirfarandi:

31.3. 2009	CHF	EUR	USD	JPY	GBP	CAD	SEK	DKK	Samtals
Vaxtaberandi skuldir	(37.193.539)	(73.649.153)	(34.146.394)	(21.744.529)	(7.269.166)	(6.097.560)	(12.151.117)		(192.251.458)
Viðskiptaskuldir			(86.444)				(3.525)	(2.539)	(92.508)
Viðskiptakröfur	8.474	231.990	556.609		328				797.401
Bankainnstæður	3.178	2.136.327	1.411.188	29.316	111.854	3.385	1.011		3.696.259
Álafleiður			4.687.663						4.687.663
Áhætta í efna- hagsreikningi	(37.181.887)	(71.280.836)	(27.577.378)	(21.715.213)	(7.156.984)	(6.094.175)	(12.153.631)	(2.539)	(183.162.643)
Áætluð sala 2009			3.942.677						3.942.677
Áætluð kaup 2009	(8.718)	(326.309)	(2.422)	(1.299.871)	(288)	(5.685)	(1.637)		(1.644.930)
Áhætta utan efna- hagsreiknings	(8.718)	(326.309)	3.940.255	(1.299.871)	(288)	(5.685)	(1.637)	0	2.297.747
Skiptasamningar	(714.527)			655.484					(59.043)
Nettó áhætta	(37.905.132)	(71.607.145)	(23.637.123)	(22.359.600)	(7.157.272)	(6.099.860)	(12.155.268)	(2.539)	(180.923.939)

Skýringar

14. Áhættustýring og fjármálagerningar frh.:

b. Markaðsáhætta, frh.

i) Gjaldeyrisáhætta, frh.

Mögulegt tap vegna gjaldeyrisáhattu

31.12. 2008	CHF	EUR	USD	JPY	GBP	CAD	SEK	DKK	Samtals
Vaxtaberandi skuldir	(39.214.737)	(76.654.728)	(31.994.843)	(23.635.999)	(3.282.738)	(6.317.637)	(12.676.195)		(193.776.877)
Viðskiptaskuldir							(2.645)	(2.235)	(4.880)
Viðskiptakröfur	11.922	214.851	406.224		1.061			10.595	644.653
Bankainnstæður	2.516	26.204	428.906	81	7.104	44.489	2.833		512.133
Álafleiður			9.091.449						9.091.449
Áhætta í efna- hagsreikningi	(39.200.299)	(76.413.673)	(22.068.264)	(23.635.918)	(3.274.573)	(6.273.148)	(12.676.007)	8.360	(183.533.522)
Áætluð sala 2009			4.235.432						4.235.432
Áætluð kaup 2009		(2.852.531)	(143.411)	(1.650.829)	(538)	(1.183)	(6.890)	(528)	(4.655.910)
Áhætta utan efna- hagsreiknings	0	(2.852.531)	4.092.021	(1.650.829)	(538)	(1.183)	(6.890)	(528)	(420.478)
Skiptasamningar	(835.899)			783.787					(52.112)
Nettó áhætta	(40.036.198)	(79.266.204)	(17.976.243)	(24.502.960)	(3.275.111)	(6.274.331)	(12.682.897)	7.832	(184.006.112)

Næmnigreining

Styrking íslensku krónunnar um 10% gagnvart eftirfarandi gjaldmiðlum myndi hækka (lækka) eigið fé og afkomu eins árs um eftirfarandi fjárhæðir.

Hagnaður eða (tap)

	CHF	EUR	USD	JPY	GBP	CAD	SEK	DKK	Samtals
1.1.-31.3. 2009	2.844.414	5.452.984	2.109.669	1.661.214	547.509	466.204	929.753	194	14.011.941
1.1.-31.12. 2008	2.998.823	5.845.646	1.688.222	1.808.148	250.505	479.896	969.715	(640)	14.040.315

Skýringar

14. Áhættustýring og fjármálagerningar frh.:

b. Markaðsáhætta, frh.

ii) Vaxtaáhætta

Vaxtaberandi fjáreignir og fjárskuldir samstæðunnar greinast með eftirfarandi hætti í lok tímabilsins:

Fjármálagerningar með fasta vexti	31.3. 2009	31.12. 2008
Fjáreignir	353.904	216.705
Fjárskuldir	14.604.049	15.015.002
	<u>14.250.145</u>	<u>14.798.297</u>
 Fjármálagerningar með fljótandi vexti		
Fjárskuldir	193.449.596	190.817.481
	<u>193.449.596</u>	<u>190.817.481</u>

Næmnigreining gangvirðis fjármálagerninga með fasta vexti

Fjármálagerningar samstæðunnar með fasta vexti eru ekki færðir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, auk þess sem afleiðusamningar (þ.e. gjaldmiðlaskiptasamningar) eru ekki tilgreindir í áhættuvarnarsambandi sem gangvirðisvarnir. Vaxtabreytingar á uppgjörstæði eiga því ekki að hafa áhrif á rekstrarreikning samstæðunnar.

Næmnigreining sjóðstreymis vegna fjármálagerninga með breytilega vexti

Breyting á vöxtum á uppgjörstæði um 100 punkta myndi hækka (lækka) eigið fé og afkomu eins árs um neðangreindar fjárhæðir. Þessi greining byggir á þeirri forsendu að allar aðrar breytur, sérstaklega gengi gjaldmiðla, haldist stöðugar. Greiningin var unnin með sama hætti árið 2008.

	Afkoma	
	100 punkta hækkun	100 punkta lækkun
1.1.-31.3. 2009		
Fjármálagerningar með breytilega vexti	(2.793.507)	2.950.728
Næmnigreining sjóðstreymis, nettó	(2.793.507)	2.950.728
 1.1.-31.12. 2008		
Fjármálagerningar með breytilega vexti	(2.435.472)	2.612.795
Næmnigreining sjóðstreymis, nettó	(2.435.472)	2.612.795

Skýringar

14. Áhættustýring og fjármálagerningar frh.:

b. Markaðsáhætta, frh.

iii) Álverðsáhætta

Samstæðan hefur gert raforkusölusamninga þar sem söluverð á raforku byggir m.a. á markaðsverði áls á LME (London Metal Exchange). Samstæðan hefur ekki varið sig sérstaklega fyrir breytingum á álverði. Tekjur af raforkusölusamningum sem tengdir eru álverði námu 13,2% (1.1.-31.3. 2008: 11,6%) af heildartekjum samstæðunnar á tímabilinu.

Næmnigreining

Breyting á álverði um 10% í lok tímabilsins til hækkunar eða lækkunar hefði eftirfarandi áhrif á hagnað eða tap samstæðunnar eftir skatta.

	Hagnaður eða (tap)	
	31.3. 2009	31.12. 2008
Hækkun um 10%	8.444.833	6.897.313
Lækkun um 10%	(8.415.070)	(6.844.999)

iv) Önnur markaðsverðsáhætta

Önnur markaðsáhætta er takmörkuð, þar sem fjárfestingar í skuldabréfum og eignarhlutum er óverulegur hluti af starfsemi samstæðunnar.

v) Samhengi álverðs og vaxta

Rannsóknir okkar hafa leitt í ljós samfylgni í verði áls og vaxta, þannig leiða álverðsbreytingar vaxtabreytingar í tíma. Þessi samfylgni leiðir til innbyggðrar áhættuvarnar.

c. Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við fjárskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið samstæðunnar er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor fyrirtækisins.

Ábyrgð eigenda á lánum fyrirtækisins og góð lánshæfiseinkunn hefur auðveldað fyrirtækinu aðgang að lánsfé á góðum kjörum. Fyrir ábyrgð eigenda greiðir fyrirtækið 0,25% ábyrgðargjald af höfuðstól lána á hverjum tíma. Virkjunarframkvæmdir á Hellisheiði hafa fyrst og fremst verið fjármagnaðar með lánum frá Evrópska fjárfestingabankanum (EIB), Þróunarbanka Evrópu (CEB) og Norræna fjárfestingabankanum (NIB) en allir þessir bankar hafa lýst áhuga á að taka áframhaldandi þátt í fjármögnun framkvæmda á sviði jarðvarmavirkjana eins og Hellisheiðarvirkjun er. Lánstími lánanna er langur og hefur verið ákvarðaður í samræmi við langtímasamninga um raforkusölu, til að takmarka endurfjármögnunaráhættu fyrirtækisins.

Orkuveitan átti í lok tímabilsins handbært fé að fjárhæð um 4,7 milljarða kr. Orkuveitan átti einnig ónýttar lánsheimildir og opna lánalínu upp á samtals um 5,7 milljarða kr. Samtals átti Orkuveitan þannig tryggt lausafé í árslok upp á um 10,4 milljarða kr. Samsvarandi fjárhæð í lok árs 2008 nam um 14,8 milljörðum kr.

Skýringar

14. Áhættustýring og fjármálagerningar frh.:

c. Lausafjárahætta, frh.

Samningsbundnar greiðslur vegna fjárskulda, þar með taldir væntanlegar vaxtagreiðslur, greinast þannig:

31.3. 2009

Fjármálagerningar sem ekki eru afleiður	Bókfært verð	Samningsbundið sjóðsflæði	Innan árs	Eftir 1 - 2 ár	Eftir 2-5 ár	Eftir meira en 5 ár
Vaxtaberandi						
skuldir	207.994.603	(241.524.052)	(16.515.183)	(40.628.612)	(85.750.841)	(98.629.416)
Viðskiptaskuldir ...	1.910.800	(1.910.800)	(1.910.800)			
Aðrar skuldir	2.180.130	(2.180.130)	(2.180.130)			
Fjármálagerningar sem eru afleiður						
Gjaldmiðaskipta-samningar	(59.043)	(64.739)	(18.880)	(16.309)	(29.550)	0
	<u>212.026.490</u>	<u>(245.679.721)</u>	<u>(20.624.993)</u>	<u>(40.644.921)</u>	<u>(85.780.391)</u>	<u>(98.629.416)</u>

31.12. 2008

Fjármálagerningar sem ekki eru afleiður	Bókfært verð	Samningsbundið sjóðsflæði	Innan árs	Eftir 1 - 2 ár	Eftir 2-5 ár	Eftir meira en 5 ár
Vaxtaberandi						
skuldir	205.780.370	(261.357.284)	(27.696.004)	(8.775.085)	(62.352.858)	(162.533.337)
Viðskiptaskuldir ...	2.443.340	(2.443.340)	(2.443.340)			
Aðrar skuldir	2.282.684	(2.282.684)	(2.282.684)			
Fjármálagerningar sem eru afleiður						
Gjaldmiðaskipta-samningar	(52.113)	(60.872)	(17.480)	(14.827)	(28.565)	0
	<u>210.454.281</u>	<u>(266.144.180)</u>	<u>(32.439.508)</u>	<u>(8.789.912)</u>	<u>(62.381.423)</u>	<u>(162.533.337)</u>

Gert er ráð fyrir endurfjármögnun langtímalána til lengingar lánstíma. Því má gera ráð fyrir að dreifing afborgana verði önnur en að ofan greinir.

Skýringar

14. Áhættustýring og fjármálagerningar frh.:

d. Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi samstæðunnar ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta samstæðunnar væri einkum vegna viðskiptakrafna. Tap vegna vangoldinna krafna eru óveruleg og hafa takmörkuð áhrif á afkomu samstæðunnar.

Mesta mögulega tap samstæðunnar vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem var eftirfarandi í tímabilsins:

	31.3. 2009	31.12. 2008
Viðskiptakröfur	4.104.262	3.292.480
Aðrar skammtímakröfur	1.015.544	563.279
Aðrar fjáreignir	292.730	111.374
Handbært fé	4.706.306	1.243.639
	<u>10.118.843</u>	<u>5.210.772</u>

Mesta mögulega tap vegna viðskiptakrafna á reikningsskiladegi eftir viðskiptavinum:

Viðskiptakröfur, stórnotendur	613.085	478.427
Viðskiptakröfur, smásala	3.491.177	2.814.053
	<u>4.104.262</u>	<u>3.292.480</u>

Virðisrýrnun

Aldursgreining viðskiptakrafna og niðurfærsla lok tímabils:

	31.3. 2009		31.12. 2008	
	Brúttó staða	Niðurfærsla	Brúttó staða	Niðurfærsla
Ógjaldfallnar kröfur	3.010.826	68.573	2.707.804	68.112
Gjaldfallnar kröfur	1.322.263	160.254	811.966	159.178
	<u>4.333.089</u>	<u>228.827</u>	<u>3.519.770</u>	<u>227.290</u>

e. Gangvirði

Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði

Bókfært virði fjáreigna og fjárskulda í ársreikningnum er jafnt og gangvirði þeirra með þeirri undantekningu að vaxtaberandi skuldir eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði. Bókfært verð og gangvirði þeirra greinist með eftirfarandi hætti:

	31.3. 2009		31.12. 2008	
	Bókfært verð	Gangvirði	Bókfært verð	Gangvirði
Vaxtaberandi skuldir	(207.994.603)	(184.192.257)	(205.780.370)	(185.480.733)
Innbyggðar afleiður í raforkusólusamningum	4.687.663	4.687.663	9.091.449	9.091.449
Gjaldmiðlaskiptasamningar (SWAP)	(59.043)	(59.043)	(52.113)	(52.113)

Gangvirði vaxtaberandi skulda er reiknað núvirði höfuðstóls og vaxta og er afvaxtað með markaðsvöxtum auk viðeigandi áhættuálags á uppgjörstigi.

Skýringar

14. Áhættustýring og fjármálagerningar frh.:

e. Gangvirði, frh.

Vextir við mat á gangvirði

Þar sem við á er notaður vaxtaferill á uppgjörstæði þegar vænt sjóðsstreymi er núvirt. Vextirnir greinast þannig:

	31.3. 2009	31.12. 2008
Vaxtaberandi skuldir	0,167% - 16,5%	0,02% - 18,575%
Innbbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	0,4275% - 3,237%	0,135% - 2,743%

f. Yfirlit um fjármálagerninga

Fjáreignir og fjárskuldir greinast í eftirfarandi flokka fjármálagerninga:

	31.3. 2009			31.12. 2008		
	Lán og kröfur	Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í rekstur	Fjáreignir til sölu	Lán og kröfur	Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í rekstur	Fjáreignir til sölu
Eignarhlutar í félagum		108.480	10.135.862		294.909	9.731.102
Innb. afleiður í raforkusölusamn.		4.687.663			9.091.449	
Aðrar fjáreignir	353.904			216.705		
Viðskiptakröfur	4.104.262			3.292.480		
Aðrar skammtkr.	1.015.544			563.279		
Handbært fé	4.706.306			1.243.639		
Vaxtab. skuldir	(207.994.603)			(205.780.370)		
Aðrar fjárskuldir	(59.043)			(52.113)		
Viðskiptaskuldir	(1.910.800)			(2.443.340)		
Aðrar skammtsk.	(2.179.912)			(2.282.466)		

15. Fyrirtæki í samstæðunni

Eignarhlutar í dótturfyrirtækjum sem eru innifalin í samstæðureikningnum greinast þannig:

	Meginstarfsemi	Nafnverð	Eignarhluti	
			31.3. 2009	31.12. 2008
Gagnaveita Reykjavíkur ehf.	Gagnaflutningar	4.736.841	100,0%	100,0%
Hitaveita Akraness og Borgarfj	Hitaveita		79,3%	79,3%
Reykjavík Energy Invest ehf.	Fjárfestingarfyrirtæki	3.004.723	100,0%	100,0%
Úlfjótsvatn frítímabyggð ehf.	Undirbúningsfyrirtæki	225.000	100,0%	100,0%
Hrafnabjargavirkjun	Undirbúningsfyrirtæki	6.000	60,0%	60,0%

Helstu breytingar á samstæðunni á tímabilinu

Orkuveita Reykjavíkur stofnaði á árinu 2008 Orkuskólann REYST ásamt Háskólanum í Reykjavík og Háskóla Íslands. Samkvæmt hluthafasamkomulagi við stofnun skólans juku Háskólinn í Reykjavík og Háskóli Íslands hlutdeild sína í skólanum í febrúar 2009 og eiga nú allir aðilar þriðjungshlut í skólanum. REYST er því orðið hlutdeildarfélag hjá Orkuveitu Reykjavíkur en var áður dótturfélag.

Skýringar

16. Önnur mál

Hitaveita Suðurnesja (nú HS Orka hf. og HS Veitur hf.)

Orkuveita Reykjavíkur keypti á árinu 2007 16,58% eignarhluta í Hitaveitu Suðurnesja hf. Samkvæmt samningi á milli Orkuveitu Reykjavíkur og Hafnarfjarðarbæjar skuldbatt fyrirtækið sig til að kaupa til viðbótar alla hluti Hafnarfjarðarbæjar í Hitaveitu Suðurnesja (nú HS Orka hf. og HS Veitur hf.) samtals 1.133.356.000 kr. að nafnverði á genginu 7. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 18. desember 2007 að selja til Orkuveitu Reykjavíkur 95% af eignarhluta bæjarins í Hitaveitu Suðurnesja. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitisins nr. 23/2008 frá 17. apríl 2008 eru meðal annars eftirfarandi ákvörðunarorð: "Með heimild í 16. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, beinir Samkeppniseftirlitið eftirfarandi fyrirætlunum til Orkuveitu Reykjavíkur: Orkuveita Reykjavíkur er óheimilt að eiga meira en 3% eignarhluta í Hitaveitu Suðurnesja. Orkuveita Reykjavíkur skal gera breytingar á eignarhaldi sínu í Hitaveitu Suðurnesja fyrir" Stjórn Orkuveitunnar leitaði réttaráhræða til að fá ákvörðun Samkeppniseftirlitisins hnekkt en áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti niðurstöðu Samkeppniseftirlitisins þann 2. júlí 2008 með þeirri breytingu að Orkuveitu Reykjavíkur væri ekki heimilt að eiga hluta í Hitaveitu Suðurnesja sem nemur 10% eða meira.

Með vísan til ákvörðunar Samkeppniseftirlitisins og áfrýjunarnefndar samkeppnismála telur stjórn Orkuveitunnar sér ekki heimilt að uppfylla samning sinn við Hafnarfjarðarbæ um kaup á 95% eignarhluta bæjarins í Hitaveitu Suðurnesja. Hafnarfjarðarbær stefndi Orkuveitunni til innheimtu á söluandvirði samningsins. Dómur var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 18. mars 2009 og var þar fallist á kröfur Hafnarfjarðarbæjar. Áfrýjunarfrestur til hæstaréttar er þrjú mánuðir, það er til 18. júní næstkomandi og fyrir þann tíma verður tekin ákvörðun um framhald málsins. Með hliðsjón af framansögðu og óvissu um niðurstöðu málsins er það mat stjórnenda að ekki séu forsendur til að færa eignarhlutann til eignar í efnahagsreikningi.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hefur ákveðið að selja hlut sinn í Hitaveitu Suðurnesja, HS Orku hf. og HS Veitu hf. Stjórnin hefur jafnframt óskað eftir að Hafnarfjarðarbær taki þátt í söluférlínu.

Gjaldfallnir afleiðusamningar

Í kjölfar falls íslensku bankanna hefur velta á gjaldeyrismarkaði verið lítil og varla hægt að segja að gjaldeyrismarkaðurinn sé virkur. Vegna fallsins voru gjaldeyrisviðskipti takmörkuð af hálfu Seðlabanka Íslands og í lok nóvember setti Alþingi viðauka í lög nr. 87/1992 um gjaldeyrismál, en með viðaukanum eru sett á gjaldeyrishöft.

Á meðal annarra skulda eru færðir gjaldfallnir afleiðusamningar við gamla Glitni. Samningarnir hafa ekki verið gerðir upp þar sem mikil óvissa ríkir, bæði hjá Orkuveitunni og skilanevnd bankans, um hvernig meðhöndla eigi uppgjör þeirra. Í varúðarskygni var ákveðið að styðjast við miðgengi Seðlabanka Íslands þann 7. október 2008 þar sem það var gengi bankans áður en skilanevnd tók yfir stjórn gamla Glitnis. Gengisvísitalan þá var 175 og er bókfært verð afleiðusamninganna neikvætt um 181,2 milljónum kr. samkvæmt því viðmiði. Samningarnir voru áður færðir sem aðrar fjáreignir eða aðrar fjárskuldir en eru nú flokkaðir með öðrum skammtímaskuldum.